

Sp.

117. Tillaga til þingsályktunar

[86. mál]

um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að ljúka hið allra fyrsta framkvæmdaáætlun um rafvæðingu allra sveitaheimila, sem ekki hafa nú þegar rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, og sé áætlunin við það miðuð, að rafvæðingunni verði að fullu lokið á árinu 1968. Í áætluninni sé stefnt að því, að raforkuþörf heimilanna verði fullnægt með línunum frá samveitum, að svo miklu leyti sem fært þykir, en fyrir þau heimili, sem eru svo nýjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflinur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, setji rafmagnsveitur ríkisins upp dísilstöðvar, er leigðar séu með þeim kjörum, að notendur þeirra njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu heldur en þeir, sem fá rafmagn

frá samveitum. Einnig verði þeim, er koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, veitt sambærileg aðstoð, t. d. með auknum og hagstæðum lánnum.

Greinargerð.

Um þessar mundir mun mega telja, að vinna sé hafin við síðustu raflínulagnirnar um sveitir landsins samkvæmt svonefndri 10 ára rafvæðingaráætlun, er unnið hefur verið að framkvæmd á frá og með árinu 1954. En þegar því verki verður að fullu lokið, væntanlega á næsta ári, munu þau sveitabýli á landinu, sem hvorki hafa rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, verða hátt á annað þúsund. Hins vegar hafa öll heimili í kaupstöðum og kaптúnnum fengið raforku frá samveitum.

Í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að lokið verði hið allra fyrsta áætlun um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu sveitanna, og sé áætlunin við það miðuð, að því verki verði að fullu lokið á árinu 1968. Er þegar orðinn óeðlilega langur dráttur á því að ljúka slíkri framkvæmdaáætlun.

Raforkuþörf sveitaheimilanna á að fullnægja með línnum frá samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því að á þann hátt fá þau bezta og öruggasta þjónustu.

Hinn 31. marz s. l. lagði raforkumálastjóri fram framhaldsáætlanir um rafvæðvæðingu sveitanna. Þær áætlanir eru um raflínulagnir um svæði, þar sem meðalvegalengd milli býla er allt að 2 km. Til viðbótar ætti nú þegar að gera áætlanir um, hvað kosta mundi að leggja rafmagnslínur um byggðir, þar sem meðalvegalengd milli býla væri:

Í fyrsta lagi allt að 2.5 km.
Í öðru lagi allt að 3 —

Þegar þeirri áætlunargerð væri lokið, ætti strax að taka ákvörðun um, að hve miklu leyti rafmagnsþörfinni verður fullnægt með línnum frá samveitum.

Fyrir þau heimili, sem ekki geta fengið rafmagn frá samveitum vegna fjarlægðar frá þeim, koma til greina sérstakar vatnsaflsstöðvar eða dísilstöðvar. Rannsaka þarf vandlega möguleika til að koma upp litlum vatnsaflsstöðvum til raforkuframleiðslu fyrir slík heimili, eitt eða fleiri saman, og þeim framkvæmdum ætti að veita meiri stuðning en nú er gert. t. d. með auknum og hagstæðum lánnum. En þar sem skilyrði til að setja upp slíkar stöðvar eru ekki fyrir hendi, ættu rafmagnsveitur ríkisins að setja upp dísilstöðvar, sem yrðu leigðar með þeim kjörum, að notendur þeirri fái a. m. k. ekki minni stuðning af opinberri hálfu heldur en þeir, sem njóta rafmagns frá samveitum.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem enn eru án rafmagnsins, eiga einnig fyllsta rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er. Og þeir eiga rétt á að fá, án frekari tafar, vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Sú hætta vofir yfir, að mörg heimili og jafnvel heilar sveitir leggist í auðn, ef þess verður langt að bíða, að fólkið, sem þar býr, fái notið þeirra mikilsverðu þæginda, er raforkan veitir. Rafvæðingu sveitanna þarf að ljúka á svo skömmum tíma sem mögulegt er.